

Ed.

286. Nefndarálit

[13. mál]

um frv. til laga um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og fengið umsagnir um það frá Alþýðusambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Iðnfræðsluráði, Mótórvélstjórafélagi Íslands, skipaskoðunarstjóra, Vélstjórafélagi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnfélaganna. Allir þessir aðilar mæla með samþykkt frumvarpsins. Menntamálanefnd mælir einnig með því, að frumvarpið verði samþykkt, en með tilteknum breytingum, sem nefndin ber fram á sérstöku þingskjali. Er þar fremur um leiðréttingar að ræða en efnisbreytingu.

Alþingi, 4. marz 1966.

Auður Auðuns, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson, frsm.
Páll Þorsteinsson.	Gils Guðmundsson. Bjartmar Guðmundsson.	Karl Kristjánsson.